



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi
Erindi nr. P 130/741
komudagur 14.1.2004

Nefndarsvið Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2004

Umsögn: Frumvarp til laga um styrktarsjóð námsmanna, 133 mál

Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um styrktarsjóð námsmanna, 133 mál. Með frumvarpinu er lagt til að stofnaður verði sjóður til að styrkja efnilega nemendur til náms í framhaldsskóla eftir nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur.

Ljóst er að framangreindur sjóður, verði frumvarpið að lögum, getur orðið þáttur í að auðvelda einhverjum fjölda einstaklinga að stunda nám á framhaldsskólastigi. Slíkt er jákvætt. Jafnframt er mikilvægt að leggja áherslu á mikilvægi þess að tryggja með almennum hætti að öll ungmenni fái tækifæri til og hafi möguleika á að sækja sér menntun við hæfi í framhaldsskólanum. Einnig er mikilvægt að framangreindur styrktarsjóður, verði hann að veruleika, nýtist nemendum í verk- og tækninámi á framhaldsskólastigi. Þá ber að leggja áherslu á að sjóðurinn nýtist ekki síst þeim einstaklingum sem farið hafa út á vinnumarkaðinn, en vilja síðar sækja sér frekari menntun og ljúka framhaldsskólanámi.

Í því ljósi styður Alpýðusamband Íslands að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllst,
F.h. Alpýðusambands Íslands

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ